

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálpi í viðlögum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 181 5. maí 1974 um notkun
gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skýlt er að hafa gjaldmæli í öllum allt að 8 farþega leigubifreiðum, sem aka fólki gegn borgun, og sendibifreiðum, sem aka gegn borgun, á þeim stöðum á landinu, þar sem aðstæður henta að dómi samgönguráðuneytisins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970 um breytingu á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 17. september 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Dalvíkur Apóteks.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Dalvíkur Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga kl. 10.00—12.00 og 13.30—18.00.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. greinar fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. september 1975.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.